



**NORA**  
NORRØNT ATLANTSSAMSTARV

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/2104*  
*komudagur 6.5.2002*

Sauðárkrókur, 6. maí 2002

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Norræna Atlantsnefndin – NORA hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um vestnorrænt samstarf og íslenska nærsvæðastefnu, 49. mál.

Skrifstofa NORA á Íslandi fagnar þingsályktun um eflingu vestnorræns samstarf en telur eðlilegt að nánari grein sé gerð fyrir starfsemi NORA í greinargerð með tillögumi. Hér fyrir neðan eru upplýsingar um NORA.

NORA er samstarfsvettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og Norður- og Vestur-Noregs og fær fjárveitingu frá Norrænu ráðherranefndinni. Norræna Atlantsnefndin hefur starfað í núverandi mynd síðan 1996 en hét áður “Vest-Norden Samarbejdet” og átti Noregur þá ekki aðild að samstarfinu. Meginmarkmið með starfi nefndarinnar er að hvetja til og efla samvinnu innan starfssvæðis NORA og veitir nefndin styrki til samstarfsverkefna er tengjast þróun atvinnulífs, nýsköpun og rannsóknasamstarfi á starfssvæði sínu.

Í þessu samhengi má einnig benda á að NORA beinir kröftum sínum ekki síður í norðaustur en norðvestur. Þar er helst að nefna “Northern Periphery Programme” áætlun Evrópusambandsins, en þeir sem eiga aðild að áætluninni eru norðurhéruð Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Skotlands, Norðvestur Rússland, Færeyjar, Grænland, og Ísland í samræmi við tillögu til þingsályktunar um stefnu í byggðamálum 2002-2005 sem Alþingi samþykkti þann 3. maí 2002.

Virðingarfyllst,

Helga Dagný Árnadóttir  
Starfsmaður NORA á Íslandi